



# Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

1.3.2024 – 30.11.2024



# Efnisyfirlit

---

Skýrsla stjórnar og forstjóra	2
Samandreginn rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu samstæðu	5
Samandreginn efnahagsreikningur samstæðu	6
Samandregið sjóðstreymi samstæðu	7
Samandregið eiginfjárfirlit samstæðu	8
Skýringar með samandregnum árslutareikningi samstæðu	9

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf.

Kennitala 420369-7789

Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík

## Skýrsla stjórnar og forstjóra

### Meginstarfsemi samstæðunnar

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf. (Ölgerðin) er íslenskt hlutfélag og starfar í samræmi við lög um hlutfélög nr. 2/1995. Ölgerðin framleiðir, flytur inn, dreifir og selur drykkjavörur og matvæli um allt land. Áhersla er lögð á að vörur félagsins séu fyrsta flokks og að viðskiptavinir þess geti gengið að hágæða þjónustu vísri. Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningskilastaðal, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Samstæðuárshlutareikningurinn hefur að geyma árshlutareikning Ölgerðarinnar Egill Skallagrímssonar hf. og dótturfélaganna Danól ehf., G7-11 fasteignafélags ehf., Iceland Spring ehf. og Collab ehf., auk KK6 fasteignafélags ehf. (dótturfélag G7-11 fasteignafélags ehf.), Pure Distribution US LLC (dótturfélag Iceland Spring ehf.) og Collab DK ApS (dótturfélag Collab ehf.). Samstæðan skiptist í fjóra starfþætti; Egils óáfengt, Egils áfengt, Danól og Útflutning. Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum samstæðunnar.

### Rekstur og fjárhagsleg staða

Rekstur Ölgerðarinnar á fyrstu níu mánuðum fjárhagsársins var góður, sérstaklega í ljósi ytri aðstæðna. Vörusala stóð nokkurn veginn í stað miðað við sama tímabil í fyrra eftir langt tímabil mikils vaxtar. Sala til veitingahúsa, hótela og skyndibitastaða dróst saman um tæp 6% mælt í lítrum af drykkjarvöru og sala til stórmarkaða og fyrirtækja dróst saman um rúmlega 1% milli ára á sama mælikvarða. Það gefur góða mynd af þeirri breyttu stöðu sem er nú í efnahagslífinu hvort sem er vegna neyslu erlendra ferðamanna eða minni neyslu Íslendinga. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 3.872 millj. kr. og lækkaði um 608 millj. kr. milli ára. Hærrí launakostnaður ásamt aukningu í sölu- og markaðskostnaði milli ára skýra lækkun EBITDA. Hagnaður tímabilsins var 1.980 millj. kr. og lækkaði um 902 millj. kr. Að teknu tilliti til einskis tekna í fyrra vegna hlutdeildarfélaga lækkaði hagnaður um 516 millj. kr. eða 21%.

Eignir samstæðu Ölgerðarinnar voru 33,6 ma. kr. og eigið fé 15,8 ma. kr. og hækkaði um 724 millj. kr. frá upphafi fjárhagsársins. Á tímabilinu voru gefnir út 30.750.000 nýir hlutir í félaginu fyrir 184 millj. kr. til að mæta nýtingu kaupréttá. Á tímabilinu var greiddur arður til hluthafa samkvæmt samþykkt aðalfundar að fjárhæð 1.419 millj. kr.

Hreinar vaxtaberandi skuldir, að viðbætti húsaleiguskuldbindingu, námu 9.017 millj. kr. í lok tímabilsins og hækkuðu um 3.262 millj. kr. frá upphafi fjárhagsársins. Þrjár megin ástæður eru fyrir hækkun vaxtaberandi skulda. Í fyrsta lagi kaup á vöruhúsi að Köllunarklettsvegi 6 fyrir um 1,6 ma. kr., í öðru lagi 1,4 ma. kr. arðgreiðsla í júní og í þriðja lagi sú staðreynd að síðasti dagur tímabilsins bar upp á laugardag og því voru háar viðskiptakröfur sem áttu að greiðast síðasta dag nóvember mánaðar voru í raun greiddar í byrjun desember. Á sama hátt voru laun greidd út fyrir mánaðarmótin sem venjulega eru greidd út í næsta mánuði á eftir. Áhrifin af þessu eru yfir 1 ma. kr. sem þarf að hafa í huga þegar handbært fé, skuldastaða og staða viðskiptakrafna í árshlutareikningnum eru skoðaðar.

Rekstur dótturfélagsins Iceland Spring gekk áfram vel. EBITDA tímabilsins nam 301 millj. kr. og hækkaði um 57 millj. kr. milli ára.

Undirbúningsvinna við útflutning á drykknum Collab hélt áfram á tímabilinu. Ákveðið hefur verið að setja allan fókus á tvo markaði – Danmörku og norðurhluta Þýskalands. Þessi ákvörðun er tekin á grundvelli markaðsrannsóknna sem félagið hefur látið gera og góðs árangurs á danska markaðinum.

Á tímabilinu var gerð skipulagsbreyting í Ölgerðinni. Starf aðstoðarforstjóra var lagt niður og verkefnin, þ.m.t. útflutningsmál, falin öðrum stjórnendum félagsins ásamt því að Erna Hrund Hermannsdóttir og Volker Niemann gengu til liðs við útflutningsteymið. Í tengslum við starfslok aðstoðarforstjóra virkjuðust áunnir kaupréttasamningar hans við félagið. Nýtingarmöguleiki þeirra verður að loknum uppsagnarfresti síðar á fjárhagsárinu.

Í september 2024 skrifaði Ölgerðin undir viljayfirlýsingu við Reykjavíkurborg um að reisa vöru- og dreifingarmiðstöð á Hólmsheiði, auk þess að reisa vatnsátöppunarverksmiðju fyrir Iceland Spring. Nýja vöruhúsið og dreifingarmiðstöðin mun auka mjög skilvirkni í rekstri fyrirtækisins, enda hefur vöxtur fyrirtækisins um nokkurt skeið kallað á frekari uppbyggingu hvað þetta varðar. Þetta skapar einnig möguleika til stækkunar á framleiðsluhluta starfseminnar inn í núverandi lagerhúsnæði.

Í október keypti G7-11 fasteignafélag ehf., dótturfélag Ölgerðarinnar, allt hlutafé í KK6 fasteignafélagi ehf (áður Á.Ó. eignarhaldsfélag ehf). Félagið á vöruhús með skrifstofuaðstöðu að Köllunarklettsvegi 6 og byggingarétt að annarri eins byggingu. Markmiðið með kaupunum er að bæta þjónustu samstæðunnar til viðskiptavina á sviði stóreldhúsa með því að sjá sjálf um hýsingu og tínslu á þeim vörum í stað útvistunar til þriðja aðila. Undirbúningur að þessu stendur yfir og starfsemi hefst í vöruhúsinu undir lok fjárhagsársins. Undirbúningur að viðbyggingu er einnig hafinn og markmiðið að taka hana í notkun á fyrri hluta næsta árs. Þessi breyting á þjónustustigi stóreldhúsa hefur ekki áhrif á framtíðaráform Ölgerðarinnar um uppbyggingu á Hólmsheiði.

Ölgerðin heldur ótrauð áfram á sinni sjálfbærnivægferð. Nýir rafbílur hafa bæst við trukkafлотann og fjárfest var í nýjum flöskumótum og búnaði tengdum framleiðslu á plastflöskum sem sparar um 70 tonn af plasti á ári vegna minni þyngdar og þynningar.

Á tímabilinu voru meðal stöðugildi samstæðunnar 400,8 samanborið við 396,3 á sama tímabili árið áður. Hlutfall kvenna í samstæðunni var 30% en í stöðum yfirmanna og stjórnenda var hlutfall kvenna 40%. Í stjórn Ölgerðarinnar eru 60% konur og 40% karlar.

### Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuárshlutareikningur Ölgerðarinnar gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á tímabilinu 1. mars 2024 – 30. nóv 2024 og eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 30. nóv 2024. Jafnframt er það álit okkar að samstæðuársreikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu í lok tímabilsins og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Reykjavík, 16. janúar 2025.

Stjórn:

---

Bogi Þór Siguroddsson, stjórnarformaður

---

Gerður H. Arinbjarnardóttir

---

Magnús Árnason

---

Rannveig Eir Einarsdóttir

Forstjóri

---

Sigríður Elín Sigfúsdóttir

---

Andri Þór Guðmundsson

## Samandreginn rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu samstæðu

### Rekstrarreikningur

'000 ISK	Skýr.	1. september til 30. nóvember		1. mars til 30. nóvember	
		2024	2023	2024	2023
Vörusala	3	11.314.001	11.216.709	35.286.448	35.052.325
Áfengis- og skilagjald		(2.898.938)	(2.790.456)	(9.115.657)	(9.012.949)
Hrein vörusala		8.415.063	8.426.254	26.170.791	26.039.376
Framleiðslukostnaður	4	(5.184.326)	(5.176.424)	(15.953.582)	(15.805.490)
Framlegð		3.230.737	3.249.830	10.217.209	10.233.886
Aðrar rekstrartekjur		9.378	16.639	27.413	40.037
Annar rekstrarkostnaður	4	(2.368.483)	(2.138.379)	(7.209.901)	(6.557.238)
Hagn. fyrir fjármagnsliði og skatta (EBIT)		871.632	1.128.090	3.034.721	3.716.686
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélag		9.753	11.877	29.259	403.170
Fjármunatekjur		30.413	19.966	102.786	41.993
Fjármagnsgjöld		(248.214)	(197.635)	(722.127)	(697.322)
Gengismunur		34.737	(86.329)	(11.381)	5.145
Hagnaður fyrir skatta		698.321	875.969	2.433.258	3.469.672
Tekjuskattur		(129.916)	(147.818)	(453.575)	(588.300)
Hagnaður tímabilsins		568.405	728.151	1.979.683	2.881.372

### Hagnaður tímabilsins skiptist á eftirfarandi hátt:

	2024	2023	2024	2023
Hluthafar Ölgerðarinnar hf.	545.955	691.753	1.874.430	2.820.228
Hlutdeild minnihluta	22.451	36.398	105.254	61.144
Hagnaður tímabilsins	568.405	728.151	1.979.683	2.881.372
Hagnaður á hlut	0,20	0,25	0,70	1,00
Þynntur hagnaður á hlut	0,20	0,24	0,68	0,96

### Yfirlit yfir heildarafkomu

'000 ISK	1. september til 30. nóvember		1. mars til 30. nóvember	
	2024	2023	2024	2023
Hagnaður tímabilsins	568.405	728.151	1.979.683	2.881.372
Önnur heildarafkoma				
<i>Líðir sem síðar gætu verið flokkaðir í rekstur</i>				
Þýðingarmunur vegna dótturfélaga	(108.074)	(10.677)	(37.799)	(9.419)
Heildarafkoma tímabilsins	460.331	717.473	1.941.884	2.871.952

### Heildarafkoma tímabilsins skiptist á eftirfarandi hátt:

	2024	2023	2024	2023
Hluthafar Ölgerðarinnar hf.	495.039	693.106	1.857.360	2.816.153
Hlutdeild minnihluta	(34.707)	24.367	84.525	55.800
Heildarafkoma tímabilsins	460.331	717.473	1.941.884	2.871.952

EBITDA og EBIT	1. september til 30. nóvember		1. mars til 30. nóvember			
	2024	2023	2024	2023		
EBITDA	-16%	1.160.493	1.389.523	-14%	3.871.831	4.479.425
Afskriftir	10%	288.861	261.433	10%	837.110	762.739
EBIT	-23%	871.632	1.128.090	-18%	3.034.721	3.716.686
Hreinir fjármagnsliðir	-31%	(183.064)	(263.998)	-3%	(630.722)	(650.184)
Áhrif hlutdeildarfélag	-18%	9.753	11.877	-93%	29.259	403.170

## Samandreginn efnahagsreikningur samstæðu

Eignir		30. nóvember 2024	29. febrúar 2024	Skuldir og eigið fé		30. nóvember 2024	29. febrúar 2024
'000 ISK	Skýr.			'000 ISK	Skýr.		
<b>FASTAFJÁRMUNIR</b>				<b>EIGIÐ FÉ</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir		15.968.251	14.095.346	Hlutfé		2.837.397	2.806.647
Óefnislegar eignir		7.358.548	7.358.548	Yfirverðsreikningur hlutafjár		1.255.688	1.102.553
Húsaleiguréttindi		116.395	131.905	Annað bundið eigið fé		3.684.403	3.135.377
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum		451.554	422.295	Óráðstafað eigið fé		6.292.458	6.386.165
Skuldabréfaeign		872.361	396.690	<b>Eigið fé sem tilheyrir eigendum móðurfélags</b>		<b>14.069.945</b>	<b>13.430.742</b>
Fastafjármunir		24.767.109	22.404.784	Hlutdeild minnihluta		1.700.828	1.616.305
				<b>Eigið fé samtals</b>		<b>15.770.774</b>	<b>15.047.046</b>
<b>VELTUFJÁRMUNIR</b>				<b>SKULDIR</b>			
Birgðir		4.113.325	3.418.505	Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Viðskiptakröfur		4.421.886	3.226.991	Vaxtaberandi langtímaskuldir	5	5.358.819	4.443.034
Aðrar skammtímakröfur		80.268	91.336	Húsaleiguskuldbinding		103.725	119.241
Handbært fé		176.864	1.523.787	Tekjuskattsskuldbinding		2.699.870	2.569.057
Veltufjármunir		8.792.344	8.260.619	<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>		<b>8.162.414</b>	<b>7.131.332</b>
				Skammtímaskuldir			
<b>Eignir samtals</b>		<b>33.559.453</b>	<b>30.665.403</b>	Vaxtaberandi skammtímaskuldir	5	3.370.572	2.150.147
				Næsta árs afborganir	5	360.779	566.588
				Ógreiddur tekjuskattur		487.836	555.873
				Viðskiptaskuldir		2.797.586	2.821.983
				Aðrar skammtímaskuldir		2.609.492	2.392.433
				<b>Skammtímaskuldir</b>		<b>9.626.266</b>	<b>8.487.025</b>
				<b>Skuldir samtals</b>		<b>17.788.679</b>	<b>15.618.356</b>
				<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>		<b>33.559.453</b>	<b>30.665.403</b>

## Samandregið sjóðstreymisýfirlit samstæðu

fyrir tímabilið 1. mars til 30. nóvember 2024

'000 ISK	Skýr.	2024	2023
Hagnaður tímabilsins		1.979.683	2.881.372
<i>Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi</i>			
Kaupréttarsamningar		43.898	41.722
Afkoma hlutdeildarféлага		(29.259)	(403.170)
Hagnaður af sölu á varanl. rekstrarfj.		(19.930)	(21.129)
Afskriftir og virðisrýrnun		837.110	762.740
Breyting tekjuskattskuldbindingar		76.494	131.667
Breyting á áföllnum vöxtum		42.427	0
<b>Hreint veltufé frá rekstri</b>		<b>2.930.423</b>	<b>3.393.202</b>
<i>Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:</i>			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		(1.183.475)	(625.766)
Birgðir		(694.820)	(712.018)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		419.262	931.258
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>1.471.390</b>	<b>2.986.677</b>
<i>Fjárfestingahreyfingar</i>			
Varanlegir rekstrarfjármunir, breyting		(1.092.118)	(961.987)
Skuldabréf, breyting		(475.671)	(40.300)
Tengd félög, breyting		0	45.757
Hreint sjóðstreymi við kaup á dótturfélagi	6	(1.392.976)	(72.210)
<b>Sjóðstreymi af fjárfestingum</b>		<b>(2.960.765)</b>	<b>(1.028.740)</b>

'000 ISK	Skýr.	2024	2023
<i>Fjármögnunarahreyfingar</i>			
Ný skammtímalán	5	4.558.709	951.887
Afborganir skammtímalána	5	(3.700.000)	0
Ný langtímalán	5	1.000.000	155.107
Afborganir langtímalána	5	(471.670)	(3.153.491)
Afborgun húsaleiguskuldbindingar		(19.056)	(17.432)
Greiddur arður		(1.418.858)	0
Innborgað hlutafé		183.885	0
<b>Sjóðstreymi af fjármögnun</b>		<b>133.010</b>	<b>(2.063.929)</b>
<i>Breyting á handbæru fé</i>			
Breyting á handbæru fé		(1.356.365)	(105.992)
Innborgun frá tollstjóra færð á eigið fé		0	81.787
Áhrif gengisumreiknings á handbært fé		9.441	0
Handbært fé í byrjun tímabilsins		1.523.787	1.171.857
<b>Handbært fé í lok tímabilsins</b>		<b>176.864</b>	<b>1.147.651</b>
<b>Frjálst fjárflæði</b>			
Handbært fé frá rekstri		1.471.390	2.986.677
Sjóðstreymi af fjárfestingum		(2.960.765)	(1.028.740)
Afborgun húsaleiguskuldbindingar		(19.056)	(17.432)
<b>Frjálst fjárflæði</b>		<b>(1.508.431)</b>	<b>1.940.505</b>
<b>Aðrar upplýsingar</b>			
Innborgaðir vextir		56.108	35.196
Greiddir vextir		(776.189)	(776.952)
Greiddur tekjuskattur		(357.646)	(252.001)



## Samandregið eiginfjáryfirlit samstæðu

Hreyfingar 1. mars - 30. nóvember 2024

'000 ISK	Hlutfé	Yfirvörðs- reikningur	Sérstakt endurmat	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé eigenda móðurfélags	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
<b>Staða 1. mars 2024</b>	2.806.647	1.102.553	0	3.135.377	6.386.165	13.430.742	1.616.305	15.047.046
Leiðrétting á eigin fé (sjá skýringu 1)					(27.082)	(27.082)		(27.082)
Hagnaður ársins					1.874.430	1.874.430	105.254	1.979.683
Pýðingarmunur				(17.070)		(17.070)	(20.729)	(37.799)
<b>Heildarafkoma ársins</b>				(17.070)	1.874.430	1.857.360	84.525	1.941.884
Innleystir kaupréttir	30.750	153.135		(14.453)	14.453	183.885		183.885
Gjaldfærðir kaupréttir				43.898		43.898		43.898
Bundnar hlutdeildartekjur				536.650	(536.650)	0		0
Úthlutaður arður					(1.418.858)	(1.418.858)		(1.418.858)
<b>Staða 30. nóvember 2024</b>	2.837.397	1.255.688	0	3.684.403	6.292.458	14.069.945	1.700.830	15.770.774

Hreyfingar 1. mars - 30. nóvember 2023

'000 ISK	Hlutfé	Yfirvörðs- reikningur	Sérstakt endurmat	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé eigenda móðurfélags	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
<b>Staða 1. mars 2023</b>	2.806.647	1.102.553	688.464	2.168.543	3.315.180	10.081.387	0	10.081.387
Leiðrétting á eigin fé (sjá skýringu 1)					81.825	81.825		81.825
Hagnaður ársins					2.820.228	2.820.228	61.144	2.881.372
Pýðingarmunur				(4.074)		(4.074)	(5.345)	(9.419)
<b>Heildarafkoma ársins</b>				(4.074)	2.820.228	2.816.153	55.799	2.871.952
Endurmat endurflokkað			(688.464)		688.464	0		0
Hlutdeild minnihluta við kaup á dótturfél.						0	1.545.004	1.545.004
Kaupréttarsamningar				41.772		41.772		41.772
Bundnar hlutdeildartekjur				779.548	(779.548)	0		0
<b>Staða 30. nóvember 2023</b>	2.806.647	1.102.553	0	2.985.789	6.126.149	13.021.138	1.600.803	14.621.941

# Skýringar

## 1. Grundvöllur reikningskila

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf. (hér eftir Ölgerðin eða félagið) er hlutafélag og er megin starfsemi samstæðunnar fólgin í framleiðslu, sölu og markaðssetningu á sviði matvæla, drykkjarvara og tengdra vara. Ölgerðin er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur samstæðunnar er að Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík.

Samandreginn árs hlutareikningur samstæðu Ölgerðarinnar fyrir tímabilið 1. mars til 30. nóvember 2024 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningskilastaðal um árs hlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu (EU) og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Samandregni árs hlutareikningurinn hefur að geyma árs hlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“ og til einstakra félaga sem „samstæðufélaga“. Árs hlutareikningurinn er birtur í íslenskum krónum (ISK), sem er framsetningargjaldmiðill samstæðunnar. Allar fjárhæðir eru í íslenskum krónum og þúsundum króna, nema annað sé tekið fram.

Dótturfélagin Collab ehf. og Collab DK ApS sem stofnuð voru á árinu 2023 eru á yfirstandandi fjárhagsári í fyrsta skipti hluti af samstæðureikningsskilum Ölgerðarinnar, en þeim hefur á fyrri reikningsskilafímabilum verið haldið utan samstæðu þar sem þau hafa haft óverulega þýðingu fyrir rekstur og efnahag samstæðunnar. Leiðrétting á eigin fé að fjárhæð 27,1 milljón króna endurspeglar neikvætt eigið fé Collab samstæðunnar 1. mars 2024. Leiðrétting á eigin fé á samanburðartímabili er vegna endurgreiðslu frá tollstjóra á álagi á endurákværðaða tolla að fjárhæð 81 milljón króna.

### Mikilvægar reikningskilaaðferðir

Samandregni árs hlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningskilaaðferðum og ársreikningur samstæðunnar fyrir rekstrarárið sem endaði 29. febrúar 2024. Hann inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við síðasta ársreikning samstæðunnar sem er aðgengilegur á heimasíðu félagsins, [www.olgerdin.is/fjarfestar](http://www.olgerdin.is/fjarfestar). Á tímabilinu var uppfærð flokkun í rekstrarreikningi sem hafði áhrif á flutning lína í rekstrarreikningi en engar fjárhæðir eða samtölur tóku breytingum.

## 2. Mat og ákvarðanir

Við gerð samstæðuárs hlutareiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga og alþjóðlega reikningskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Þó svo að matið sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynt önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

## 3. Starfsþáttayfirlit

1. mars - 30. nóvember 2024	Egils áfengt <sup>1)</sup>	Egils óáfengt <sup>2)</sup>	Danól <sup>3)</sup>	Útflutningur <sup>4)</sup>	Samtals
Rekstrartekur og aðrar tekjur	15.920.243	9.235.617	8.084.492	2.073.507	35.313.859
Rekstrarh. fyrir afskr. (EBITDA)	1.339.981	1.848.079	410.769	273.001	3.871.831
Rekstrarhagnaður	912.111	1.513.873	370.905	237.833	3.034.721
Fjármagnsliðir og hlutd.					(601.463)
Tekjuskattur					(453.575)
<b>Hagnaður tímabilsins</b>					<b>1.979.683</b>

1. mars - 30. nóvember 2023	Egils áfengt <sup>1)</sup>	Egils óáfengt <sup>2)</sup>	Danól <sup>3)</sup>	Útflutningur <sup>4)</sup>	Samtals
Rekstrartekur og aðrar tekjur	15.755.014	9.457.146	8.187.113	1.693.090	35.092.362
Rekstrarh. fyrir afskr. (EBITDA)	1.595.789	2.006.569	638.116	238.951	4.479.425
Rekstrarhagnaður	1.210.654	1.702.729	599.443	203.859	3.716.686
Fjármagnsliðir og hlutd.					(247.014)
Tekjuskattur					(588.300)
<b>Hagnaður tímabilsins</b>					<b>2.881.372</b>

<sup>1)</sup> Tekjur hjá Egils áfengt eru fólgnar í framleiðslu, sölu og markaðssetningu drykkjarvara og tengdra vara hjá viðskiptavinum sem aðallega versla með áfenga drykki.

<sup>2)</sup> Tekjur hjá Egils óáfengt eru fólgnar í framleiðslu, sölu og markaðssetningu drykkjarvara og tengdra vara hjá viðskiptavinum sem aðallega versla með óáfenga drykki.

<sup>3)</sup> Tekjur hjá Danól eru fólgnar í sölu og markaðssetningu á sviði matvæla, drykkjarvara, tengdra vara og annarrar sérvöru.

<sup>4)</sup> Tekjur af öllum útflutningi hjá samstæðu Ölgerðarinnar, sem er að stærstum hluta vegna Iceland Spring og Collab útflutnings.

## Starfsþáttayfirlit

Rekstrarstarfsþáttur er aðgreinanlegur hluti samstæðunnar vegna ólíkra efnislegra eða landfræðilegra þátta varðandi áhættu og afkomu annarra rekstrarstarfsþátta samstæðunnar. Rekstrarstarfsþættir eru skilgreindir í samræmi við innra skipulag og skýrslugjöf til stjórnenda sem notaðar eru í ákvarðanatöku. Samstæðan skilgreinir starfsemina í fjóra rekstrarstarfsþætti.

Skipting sameiginlegs kostnaðar á Egils tekjusviðin skiptist í hlutföllum við veltu án áfengis- og skilagjalda.

## Tekjuskráning

Tekjur af sölu á vörum og þjónustu eru metnar á gangvirði greiðslunnar sem er móttækin eða er innheimtanleg, að frádregnum afsláttum og endurgreiðslum. Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar félagið hefur uppfyllt samningsskyldu sína sem er yfirleitt við afhendingu, líklegt er að endurgjaldið verði innheimt og unnt er að meta kostnað vegna sölunnar og möguleg skil á vörum á áreiðanlegan hátt.

## 4. Kostnaður sundurliðaður eftir eðli

	1. mars til 30. nóvember	
	2024	2023
<b>Flokkun í rekstrarreikningi</b>		
Framleiðslukostnaður	15.953.582	15.805.490
Annar rekstrarkostnaður	7.209.901	6.557.238
<b>Samtals</b>	<b>23.163.482</b>	<b>22.362.728</b>
<b>Flokkun miðað við eðli</b>		
Vörunotkun	13.724.131	13.888.565
Annar framleiðslukostnaður	687.363	489.975
Markaðs- og sölukostnaður	2.232.026	1.945.529
Laun og launatengd gjöld	3.890.830	3.563.822
Afskriftir	837.110	762.739
Annar rekstrarkostnaður	1.792.022	1.712.098
<b>Samtals</b>	<b>23.163.482</b>	<b>22.362.728</b>
<i>Afskriftir eru flokkaðar á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi</i>		
Framleiðslukostnaður	467.548	426.010
Annar rekstrarkostnaður	369.561	336.729
<b>Samtals</b>	<b>837.110</b>	<b>762.739</b>
<i>Laun og launatengd gjöld eru flokkuð á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi</i>		
Framleiðslukostnaður	824.055	770.775
Annar rekstrarkostnaður	3.066.775	2.793.047
<b>Samtals</b>	<b>3.890.830</b>	<b>3.563.822</b>

Framleiðslukostnaður samanstendur af beinum og óbeinum kostnaði við framleiðslu á fullnum vörum sem skapa tekjur á árinu. Innan framleiðslukostnaðar er hráefniskostnaður, laun og launatengd gjöld og annar framleiðslukostnaður sem inniheldur húsnæðiskostnað, leigu og afskriftir vegna varanlegrar rekstrarfjármuna sem nýttir eru í framleiðslunni.

Rekstrarkostnaður samanstendur af kostnaði við dreifingu og sölu á fullnum vörum og þjónustu sem skapa tekjur á árinu ásamt kostnaði við stjórnun og rekstur samstæðunnar. Annar rekstrarkostnaður inniheldur laun og launatengd gjöld, húsnæðiskostnað, leigu, afskriftir af varanlegum og óefnislegum eignum, tryggingar sem og annan skrifstofu- og stjórnunarkostnað.

## 5. Vaxtaberandi langtímaskuldir

	30.11.2024	29.2.2024
Langtímaskuldir í íslenskum krónum (ISK)	5.693.717	4.700.491
Langtímaskuldir í bandarískum dollurum (USD)	-	283.846
<b>Samtals langtímaskuldir</b>	<b>5.693.717</b>	<b>4.984.337</b>
Næsta árs afborgun	(334.898)	(541.303)
<b>Samtals langtímahluti</b>	<b>5.358.819</b>	<b>4.443.034</b>

Víxilskuldir í íslenskum krónum (ISK)	2.788.645	1.927.934
Aðrar vaxtaberandi skammtímaskuldir í íslenskum krónum (ISK)	303.932	0
Vaxtaberandi skammtímaskuldir í bandarískum dollurum (USD)	277.995	222.213
<b>Samtals vaxtaberandi skammtímaskuldir</b>	<b>3.370.572</b>	<b>2.150.147</b>

Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	334.898	541.303
Næsta árs afborganir leiguskuldbindinga	25.881	25.285
<b>Næsta árs afborgun langtímaskulda og leiguskuldbindingar</b>	<b>360.779</b>	<b>566.588</b>

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:	30.11.2024	29.2.2024
Afborganir innan 12 mánaða	334.898	541.303
Afborganir eftir 12-24 mánuði	337.874	269.970
Afborganir eftir 24-36 mánuði	1.475.712	273.013
Afborganir eftir 36-48 mánuði	198.575	1.333.789
Afborganir síðar	3.346.658	2.566.262
<b>Samtals</b>	<b>5.693.717</b>	<b>4.984.337</b>

## 6. Kaup á dótturfélagi

G7-11 fasteignafélag ehf., dótturfélag Ölgerðarinnar, keypti á tímabilinu allt hlutfélag KK6 fasteignafélag ehf. (áður Á.Ó. eignarhaldsfélags ehf). Kaupverðið nam 1.550 m.kr. og var greitt að fullu þann 18. október með handbæru fé. KK6 fasteignafélag á 2.300 fermetra vöruhús að Köllunarklettsvegi 6 og byggingarétt að öðru eins rými. Kaupin teljast eignakaup samkvæmt IFRS 3 og yfirverð í viðskiptunum er heimfært á fasteign að Köllunarklettsvegi. Virði eigna KK6 á kaupdegi nam 1.779 m.kr., þar af handbært fé 157 m.kr. og virði skulda nam 229 m.kr.

Fjárskuldir, þar á meðal skuldir við lánastofnanir, eru upphaflega metnar á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði. Við síðara mat eru þær færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við aðferð virkra vaxta. Fjárskuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning. Samstæðan afskráir fjárskuldir eingöngu þegar skuldbinding vegna þeirra er ekki lengur til staðar.

Hluti langtímaskulda er háður sérstökum viðmiðunum um eigið fé, framlegð og skuldsetningarhlutfall. Í lok reikningsskilatímabilsins stóðust allir lánaskilmálar lánasamninga.

Lántaka er flokkuð meðal skammtímaskulda nema samstæðan hafi óskilyrtan rétt til að fresta uppgjöri skuldarinnar í a.m.k. 12 mánuði eftir dagsetningu reikningsskila.

Allar skuldir við lánastofnanir eru á óverðtrygðum breytilegum vöxtum. Meðalvextir skulda þann 30. nóvember 2024 voru 10,5% (29. febrúar 2024: 11,1%).

Aðrar skuldir, þar með talið, viðskiptaskuldir, skuldir við tengda aðila, virðisaukaskattur og aðrar skammtímaskuldir eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði sem jafnan samsvarar nafnvirði þeirra.

## 7. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Þann 7. janúar 2025 samþykkti stjórn Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar hf. að hækka hlutfélag félagsins til efnda á kaupréttarsamningum fyrrum stjórnanda félagsins. Fjöldi útgefinna hluta nam kr. 5.687.739 að nafnvirði, þar sem hver hlutur er að fjárhæð ein króna og fylgir hverjum hlut eitt atkvæði.